

London, 6. desember 2011

Forseti Alþingis

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir

Rannsóknarnefnd Alþingis

Páll Hreinsson

Sigríður Benediktsdóttir

Tryggvi Gunnarsson

Háttvirtur þingforseti, virðulegu nefndarmenn í rannsóknarnefnd Alþingis.

Undirritaður, Björgólfur Thor Björgólfsson, birti í apríl sl. athugasemdir um mörg þeirra efnisatriða í skýrslu rannsóknarnefndar sem mig varða. Athugasemdirnar birti ég á eigin vef, www.btb.is, en óskaði jafnframt eftir því við forseta Alþingis að þær yrðu birtar á sama stað og skýrslan sjálf, þ.e. á vef Alþingis. Forseti hafnaði þeirri ósk minni, með vísan til þess að aldrei hafi staðið til að birta umræður eða athugasemdir um skýrsluna á vefslóðinni.

Þegar ég leitaði liðsinnis forseta var ég í þeirri trú að rannsóknarnefndin hefði látið af störfum í apríl 2010, um leið og hún skilaði af sér skýrslunni og því væri ekki hægt að snúa sér beint til hennar. Nú hef ég hins vegar þrívægis rekist á dæmi sem gefa til kynna að svo sé ekki.

Í úrskurði siðanefndar Blaðamannafélags Íslands í máli nr. 6/2010-2011, dags. 4. janúar 2011, er vísað til þess að hinn kærði fréttamaður hafi leitað eftir og fengið skýringar höfunda rannsóknarskýrslunnar á því hver væri réttur skilningur á umfjöllun um aflandsfélög Landsbankans í fréttaskýringabættinum Speglinum 22. október 2010. Orðrétt segir svo, í úrskurði siðanefndarinnar:

Þingmaðurinn vafið að neða og félagið þar með tengt Samson. Eftir kvörtun kæranda til kærðu grensladist kærða eftir því hjá höfundum rannsóknarskýrslunnar hver réttur skilningur á umfjölluninni væri. Fékk hún staðfest að umfjöllunin gæti við um hluthafafundir.

Umræddur fréttamaður, Sigrún Davíðsdóttir, var annar tveggja höfunda greinar um mig, sem birtist í breska blaðinu Observer hinn 28. ágúst 2011. Í kjölfarið fylgdu bréfaskipti mín við fjölmiðilinn nú í haust, þar sem ég freistaði þess að fá ýmis atriði leiðrétt. Eitt þeirra atriða var umfjöllun Observer um lánveitingar Landsbankans til mín og félaga tengdum mér. Í svarbréfi Observer í október sl. var vísað til þess að rannsóknarnefnd Alþingis hefði staðfest útreikninga fjölmiðilsins:

... expressed as a proportion of the bank's equity base, which is a narrower benchmark than the bank's capital base. However, the underlying meaning is the same - we have confirmed with the SIC that the correct figure for the loan exposure of the Landsbanki group (not just the mother company in Reykjavik) to Thor-linked companies expressed

Í öðru bréfi Observer, í nóvember sl., voru samskipti rannsóknarnefndarinnar og breska dagblaðsins ítrekuð:

We have checked these facts with the SIC in Iceland.

Af þessu virðist ljóst að hægt sé að leita til rannsóknarnefndar Alþingis eftir nánari skýringum á skýrslu hennar. Því ber að fagna. Hins vegar hljóta höfundar skýrslunnar þá jafnframt að taka tillit til þeirra athugasemda og leiðréttinga, sem fram hafa komið frá útgáfu skýrslunnar vorið 2010.


Jafnframt óska ég eftir að forseti Alþingis endurskoði þá ákvörðun sína að hafna birtingu athugasemda minna á vef Alþingis. Jafnvel þótt ekki hafi staðið til að birta annað efni en skýrslu rannsóknarnefndarinnar á vef Alþingis legg ég traust mitt á að mikilvægi upplýstrar umræðu nái að víkja þeirri fyrri ákvörðun til hliðar. Nú standa rangfærslur skýrslunnar óhaggaðar á vef Alþingis, í beinni andstöðu við það hlutverk rannsóknarnefndarinnar að leita sannleikans. Ég minni á, að á vef Alþingis er að finna skriflegar athugasemdir 11 einstaklinga, sem allir voru kvaddir fyrir nefndina til skýrslutöku. Sjálfur var ég aldrei kallaður til skýrslutöku og mér var ekki boðið að senda inn athugasemdir áður en skýrslan var gefin út.

Ég vænti þess að rannsóknarnefndin veiti mér stuðning sinn í þeirri málaleitan að fá athugasemdir mínar birtar á vef Alþingis.

Loks óska ég eftir að forseti Alþingis og rannsóknarnefnd Alþingis sendi mér skrifleg viðbrögð við þessari málaleitan. Þá óska ég þess sérstaklega að nefndin og forseti svari eftirfarandi spurningum:

1. Er það rétt skilið að rannsóknarnefnd Alþingis hafi svarað fyrirspurnum Sigrúnar Davíðsdóttur og/eða breska dagblaðsins Observer um atriði sem varða mig og viðskipti mín og nefnd eru í skýrslu nefndarinnar?
2. Hversu ítarlega hefur rannsóknarnefnd Alþingis svarað þeim sem óskað hafa frekari skýringa á skýrslu hennar? Sérstaklega óska ég sundurliðunar á því hverjir hafa sent inn slíkar fyrirspurnir, hversu margar þær hafa verið og hvort nefndin hafi þurft að ráðast í frekari rannsóknarvinnu til að svara þeim.
3. Hefur rannsóknarnefnd Alþingis vísað fyrirspyrjendum á aðrar skýringar en sínar eigin, til dæmis þær sem er að finna á vefsíðu minni, www.btb.is?
4. Hefur verið ákveðið hversu lengi enn rannsóknarnefndin ætlar að svara fyrirspurnum um efni skýrslunnar?
5. Munu þær nánari skýringar á efni skýrslunnar, sem rannsóknarnefndin hefur veitt, verða birtar opinberlega á vef Alþingis, öðrum til glöggvunar?

Virðingarfyllst,



Björgólfur Thor Björgólfsson

Svör berist:

Novator
c/o Ragnhildur Sverrisdóttir
Óðinsgötu 5
101 Reykjavík